

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2624**  
**komudagur 24.5.2012**

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn Samtaka útivistarféлага, SAMÚT, við mál nr. 733. Frumvarp til laga um ökutækjatryggingar.**

**I. Almenn**

Vísað er til erindis háttvirtrar Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 11 maí s.l. þar sem óskað er umsagnar SAMÚT um frumvarp til laga um ökutækjatryggingar.

**Um efni frumvarpsins.**

SAMÚT telur eðlilegt að um ökutækjatryggingar gildi sérlög í stað þess að um þær sé fjallað í umferðarlögum. Frumvarpið, eins og það er fram sett, er þó haldið ágöllum sem taka þarf til endurskoðunar.

**II. Um einstakar greinar frumvarpsins.**

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins er fjallað um orðskýringar á „ökutæki“. Er það vísað til að það séu tæki sem skráningarskyld eru skv. 70. gr. umferðarlaga. Gerð er athugasemd við að þarna er vísað í ranga lagagrein. 70. gr. umferðarlaga fjallar um leigu ökutækja og hefur tilvísun í 10. gr. laga nr. 64/2000 um bílaleigur.

Almenn er 3. gr. frumvarpsins mjög rýr og mætti samræma orðskýringar að einhverju leiti við orðskýringar umferðarlaga.

Í 4. gr. lagafrumvarpsins segir m.a. „Ábyrgðarmaður ökutækis, sbr. 6. gr., sem notað er til dráttar er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki.“ Er þetta regla sem hefur verið í gildi til langs tíma. Engu að síður er það skoðun SAMÚT að þetta ákvæði þyrfti að endurskoða með það í huga að skipta ábyrgðinni eða ábyrgðin falli á þann sem raunverulega veldur tjóninu. Komið geta upp atvik þar sem mistök þess sem dreginn er valdi tjóni. Meginreglan ætti að vera sú að tjónvaldur beri ábyrgðina óháð því hver dró eða hver er dreginn.

Þó þessi regla hafi verið við lýði í langan tíma þá fjölgar þeim atvikum þar sem menn hafna því að veita aðstoð vegna þeirrar áhættu að þeir beri ábyrgð á tjóni sem engu að síður má rekja til mistaka þess sem byggur aðstoðina.

Í 8. gr. er fjallað um slysatryggingu ökumanns og eiganda og lagt til takmörkun á gildissviði hennar frá því sem nú er. Er nú lagt til að gildissvið tryggingarinnar takmarkis við notkun ökutækisins í almennri umferð en skv. skilgreiningu í 3. gr. frumvarpsins þá telst almenn umferð „Öll meðferð ökutækja og önnur umferð á vegum sem opnir eru almenningi.“

SAMÚT gerir alvarlegar athugasemdir við þessa grein frumvarpsins. Skv. þessari skilgreiningu á almennri umferð er t.d. ljóst að tryggingin gildi ekki á einkavegum svo sem þeim sem liggja upp að

F.H.  
SamúT.  
Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur.  
form. d. d.

sumarhúsum eða einkalöndum. Aki menn út fyrir veg, t.d. inn á tún eða tjaldstæði fellur tryggingin jafnframt úr gildi. Vegakerfi hálandisins er ennfremur þannig að merkingar eru takmarkaðar og oft óljóst hvort verið sé að aka á vegi sem skráður er opinn almenningi eða t.d. á slóð eftir bændur sem notaðir eru til smölunar eða aðra vegi sem ferðast hefur verið um árum saman en aldrei hafa lent á kort eða verið skráðir. Það getur því orðið erfitt fyrir almenning að átta sig á því hvort verið er að aka veg sem trygging gildir á eða ekki. Ennfremur er ljóst að allur akstur utan vega s.s. eftir veiðislóðum, niður að fjöruborði og á snævi þakinni og frosinni jörðu mun falla utan þessarar tryggingar. Telur SAMÚT að slík takmörkun á gildissviði tryggingarinnar sé óásættanleg og til þess fallin að valda óöryggi um það hvort og þá hvenær ökumenn og eigendur eru tryggðir. Sú takmörkun sem hér er lögð til snertir alla ökumenn og tekur ekki einungis til áhættuhegðunar eða ökumanna torfærutækja heldur jafnvel ofur venjulegs sumarferðalags fjölskyldu á fjölskyldubifreiðinni. Það er því viðbúið að hver einasti eigandi ökutækis þurfi að kaupa viðbótartryggingu ef hann ætlar að vera tryggður við venjulega notkun heimilisbílsins, því má velta því fyrir sér hver tilgangur þessarar þrengingar er annar en að stuðla að hækkun iðgjalda almennings. Ennfremur bendir SAMÚT á að engin gögn hafa verið lögð fram til rökstuðnings því sem fram kemur í greinargerðinni að iðgjöld ökumanna í áhættuakstri séu lægri en útgjöld vegna tjóna þess hóps.

Í greinargerð með frumvarpinu er jafnframt fjallað um það að tegundum ökutækja hafi fjölgað mikið frá því gildandi umferðarlög tóku gildi og vandséð sé hvaða rök eigi að liggja að baki því að notendur ökutækja sem notuð eru við tómsundur en ekki til hefðbundinna samgangna njóti svo víðtækrar váttryggingaverndar. Ef mörk váttryggingaverndar eiga að liggja milli tómsundarotkunar eða hefðbundinna samgangna má velta því fyrir sér hvar slík mörk eiga að liggja. Einnig má benda á það að akstur á snjó er orðinn nokkuð almennur og orðinn hluti af almennum ferðamáta almennings, rétt eins og akstur um hringveginn í sumarleyfi. Rökstuðningurinn fyrir þessari þrengingu tryggingaverndarinnar eru því í besta falli rökleysa eins og hún kemur fram í greinargerðinni.

Skv. núgildandi lögum er skylda að tryggja öll skráningarskyld ökutæki bæði ábyrgðatryggingu ökutækis og sérstakri ábyrgðartryggingu ökumanns og eiganda. Gildir það jafnt við um bifreiðar, vélsleða, vélhjól og önnur skráningarskyld ökutæki. Sum skráningarskyld ökutæki eins og t.d. vélsleðar eru að mestu notuð utan vega við akstur á snjó sem heimill er skv. náttúruverndarlögum. Í raun er óheimilt að aka vélsleða á vegum nema nauðsyn beri til. Fram til þessa hefur ökumaður og eigandi slíks ökutækis verið tryggður við akstur á snjó en skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir að hann þurfi að kaupa sér tryggingu. Hins vegar er með öllu óljóst hvort sú trygging standi til boða eða að lögbundið verði að tryggingafélag bjóði slíka tryggingu.

Er það mat SAMÚT að eðlilegra væri að miða við að ábyrgðartrygging ökumanns og eiganda gildi allstaðar þar sem umferð er leyfð sbr. umferðarlög og náttúruverndarlög.

Ennfremur má benda á að þrenging váttryggingaverndarinnar í 8 gr. gengur gegn markmiðum þeim sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins, sem er að auka umferðaröryggi allra vegfarenda, en eins og bent hefur verið á hér að ofan þá mun þessi þrenging eins og hún er sett fram snerta nánast allan almenning og því vandséð að þrengingin sé til þess fallin að auka umferðaröryggi. Að auki má benda á 2. gr. frumvarpsins sem segir að lögin gildi um ökutækjatrýggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst að notkun ökutækja. Notkunin er ekki takmörkuð við akstur á almennum opnum vegum, heldur fellur öll notkun ökutækja undir gildissvið laganna.


F.H. Samúð.  
Guinbjörg Samúðsdóttir  
formaður

### III. Annað

Athugasemdir þessar eru ekki tæmandi en að svo komnu máli hefur SAMÚT ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

SAMÚT lýsir sig jafnframt reiðubúin til að funda um málefnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
Reykjavík 23. maí 2012

  
forseti.